



Fljótsdalshérað
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 25. júní 2013
Tilv.: UMH13020139/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 20. febrúar sl. þar sem óskað er eftir framlengingu á undanþágu frá starfsleyfi vegna sorpurðunar að Tjarnarlandi. Með bréfi hinn 27. júní 2011 veitti ráðuneytið Fljótsdalshéraði, í samræmi við 2. ml. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 2. ml. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðun í Tjarnarlandi þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi síðar en til 1. mars 2013.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal móttökustöð fyrir úrgang hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst með bréfi, dags. 25. mars sl. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að í undanþágunni sem ráðuneytið veitti hinn 27. júní 2011 og gilti til 1. mars 2013 hafi verið sett fram fjögur tölusett skilyrði.

- „1. Að Fljótsdagshérað skuli leggja fram starfsleyfistryggingu sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 1. september 2011. Þann 17. ágúst 2011, samþykkt Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs starfsleyfistryggingu fyrir urðunarstaðinn að Tjarnarlandi.
2. Að hefja bæri vinnu til að tryggja að svæðið uppfyllti kröfur viðeigandi laga og reglugerða, þar á meðal reglugerð um urðun úrgangs, m.a. hvað varðar botnþéttingu og skal þess að fullu lokið eigi síðar en 1. janúar 2013. Ljóst er að staðurinn uppfyllir ekki þessar kröfur, en rekstraraðili hefur sent stofnuninni áhættumat og óskað eftir undanþágu frá botnþéttingu í nýju starfsleyfi. Ekki er í umsókn óskað eftir undanþágu í starfsleyfi varðar hliðarþéttigar, og því þarf Tjarnaland að uppfylla kröfur um fullnægjandi þéttigar í hliðum urðunarstaðarins frá og með 1. janúar 2013.
3. Að Fljótsdalshérað sækti um nýtt starfsleyfi með fullnægjandi gögnum fyrir 1. janúar 2012. Í lok febrúar 2012 óskaði sveitarfélagið eftir lengri frest og svigrúmi til 1. júlí 2012 til að

*sækja um nýtt starfsleyfi þar sem vinnu við deiliskipulag og matskýrslu hafði tafist.
Fullnægjandi umsókn var staðfest 11. febrúar 2013 og Umhverfisstofnun er með málið til
meðferðar.*

4. *Að upplýsa skuli Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Austurlands reglulega um stöðu og
framgang vinnu við svæðið, í fyrsta sinn fyrir 15. september 2011. Framvinduskýrsla var
send fyrir 15. september 2011, en engar skýrslur hafa borist stofnuninni síðan, þó einhver
óformleg samskipti hafa verið milli rekstraraðila og stofnunarinnar síðan er varðar
starfsleyfisumsóknina, en ekki er varðar framgang á staðnum við að uppfylla kröfur. “*

Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að, eins og fram kemur hér að framan, hafi ekki að öllu leyti verið staðið við skilyrði undanþágunnar. Hins vegar hafi nú öll gögn varðandi umsókn um starfsleyfi borist Umhverfistofnun og sé hún nú með málið til meðferðar. Stofnunin leggist ekki gegn því að undanþágan verði framlengd á meðan starfsleyfisumsóknin sé til meðferðar. Stofnunin setji þó ákveðinn fyrirvara við þau gögn sem borist hafa þar sem hún hafi ekki lokið mati á áhættugreiningu sbr. lið 2 hér að framan vegna óska um undanþágu frá botnþétti, en ekki sé fjallað um hliðarþétti, til umstæðum. Stofnunin telji því mikilvægt að áfram verði gerðar þær kröfur til staðarins að hann uppfylli kröfur viðeigandi laga og reglugerða á meðan á undanþágunni stendur sbr. lið 2 hér að framan. Einnig að Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Austurlands verði upplýst reglulega um stöðu og framgang vinnu við svæðið og að framvinduskýrslur séu sendar eigi sjaldnar en á 2ja mánaða fresti á meðan undanþága sé í gildi.


Með hliðsjón af sjónarmiðum sem fram koma í umsögn Umhverfisstofnunar og afstöðu hennar til framangreindrar beiðni um undanþágu og í samræmi við 2. ml. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 2. ml. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að sótt hefur verið um starfsleyfi með fullnægjandi hætti veitir ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðun í Tjarnarlandi þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi síðar en til 31. desember 2013.

Undanþága þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:


1. Svæðið skal uppfylli kröfur viðeigandi laga og reglugerð, þ. á m. reglugerð um urðun úrgangs, m.a. hvað varðar fullnægjandi þétti, í hliðum urðunarstaðarins.
2. Upplýsa skal Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Austurlands reglulega um stöðu og framgang vinnu við svæðið og skal sveitarfélagið senda þeim framvinduskýrslur eigi sjaldnar en á 2ja mánaða fresti frá og með 15. júlí 2013.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörk Sæmundsdóttir



Kjartan Ingvarsson

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Austurlands